



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Viðbótar fornleifaskráning vegna
vegagerðar í Ófeigsfirði*

Atli Rúnarsson

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Júní 2025

NV nr. 17-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Júní 2025
Skýrsla nr: NV nr. 17-25	Verknúmer: 699	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig: Loka	
Heiti skýrslu: Viðbótarskráning vegna deiliskipulags í Ófeigsfirði		Unnið fyrir: Verkís
Höfundur: Atli Rúnarsson & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Að beiðni Verkís gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra vegbóta og vegagerðar í Ófeigsfirði á Ströndum. Alls voru 18 minjar skráðar og þar af voru 3 innan framkvæmdasvæðis.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlarið af: KSR

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðafræði	5
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	5
3.2	Skráning fornleifa	6
4.	Saga Ófeigsfjarðar	6
5.	Heimildaskrá	9
6.	Fornleifaskrá	10
7.	Niðurstöður	28
8.	Kort	29

1. INNGANGUR


Að beiðni Einars Jónssonar hjá Verkís gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða viðbótarfornleifaskráningu vegna deiliskipulags í Ófeigsfirði í tengslum við Hvalárvirkjun.

Svæðið var áður innan aðalskráningar sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands ses. árið 2005¹ en sú skráning er barn síns tíma og uppfyllir ekki þá staðla sem Minjastofnun Íslands setur í dag. Einnig eru mismunandi kröfur settar á aðalskráningar og deiliskipulags-skráningar. Einnig hefur Náttúrustofa Vestfjarða gert tvennar skráningar á svæðinu í tengslum við sama verk.²


Rætt var við heimamenn sem veittu góða sýn á minjar á svæðinu sem var svo gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 27. maí 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni og Kristínu Sýlvíu Ragnarsdóttur, fornleifafræðingum hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sáu þau einnig um skýrslu- og kortagerð.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið er allt innan jarðar Ófeigsfjarðar í Árneshreppi á Ströndum. Það nær frá Húsá, skammt frá bæjarstæði Ófeigsfjarðar, norður að Hvalá. Svæðið er samtals um 3km langt og þar sem um vegbætur og vegagerð er að ræða er skráð í 100m frá miðlínu vegar.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt með gulri stjörnu.



Mynd 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar.

¹ Sjá: Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson, 2005.

² Sjá: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2016 og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2017.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greiftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

vettvangskonunn umsvifalaust svo skera meg um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki meg fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið **3439** og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: *3439-001*.

4. SAGA ÓFEIGSFJARÐAR

Líklega hefur verið búið í Ófeigsfirði frá landnámi. Í Landnámabók segir: „*Herrøðr hvítaský var göfugr maðr; hann var drepinn af ráðum Haralds konungs, en synir hans þrír fóru til Íslands ok námu land á Ströndum, Eyvindr Eyvindarfjörð, Ófeigr Ófeigsfjörð, Ingólfur Ingólfsfjörð; þeir bjuggu þar síðan.*“³

Minnst var á Ófeigsfjörð í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur þær í Skálholtsumdæmi sem þurftu presta frá því í kringum 1200.⁴ Minnst var á Ófeigsfjörð í fjarðatali frá 1312.⁵ Einnig var minnst á Ófeigsfjörð í rekaskrá Skálholtsstaðar frá árinu 1327 en þar var sagt að staðurinn í Skálholti átti fjórðung í hvalreka í Ófeigsfirði⁶ og sömu sögu var að segja í rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1344.⁷ Næst var minnst á Ófeigsfjörð í skrá um eignir Guðmundar ríka Arasona á Reykhólum þegar þær voru teknar undir konung. Þar var sagt að Ófeigsfjörður væri metinn á 16 hundruðir og að kúgildin væru 3.⁸ 1451 var minnst á Ófeigsfjörð í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað í Vesturhópi og var þar sagt að kirkjan ætti allan viðarreka á milli Ófeigsfjarðar frá Hesthamri í Hróteyjar kleif.⁹ Í skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 1467 var sagt að Ófeigsfjörður væri í eigu Ólafar Loptsdóttur.¹⁰ Í skiptabréfi Ólafar Loptsdóttur milli Þorleifs og Einars Björnssyna frá árinu 1480 var sagt að Einar fengi Kamb og Ófeigsfjörð¹¹ og í máldaga Eyrarkirkju í Bitru, tímasettum frá 1491-1518, var sagt að kirkjan ætti fjórðung í öllum hvalreka í Ófeigsfirði á milli Hvalár og Merkilækar og Selaness.¹² Í máldaga Þingeyraklausturs frá því um 1500 var sagt að „fyrir Selanesi frá læk þeim er inn er langt frá Hellanesi og til

³ Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 116

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 16.

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 16.

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 623.

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 785.

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 687.

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 85-86.

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 51.

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 254-255.

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 85.

Merkihamars í Ófeigsfirði á klaustrið hálfan viðreka og þrjá hluti í hálfum hval.¹³ Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar frá 1509 var sagt að Bjarni hefði átt átta hundruðir í Ófeigsfirði.¹⁴ Í Sigurðarregistri, sem inniheldur máldaga Hóladómkirkju þegar Jón biskup Arason tók við og máldaga klaustranna, frá 1525 var aftur sagt að Þingeyraklaustur ætti hálfan viðarreka í Ófeigsfirði og þrjá hluti í hálfum hval.¹⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1706, var sagt að jarðardýrleiki Ófeigsfjarðar væri 23 hundruðir en jörðin lá þá í eyði. Leigukúgildi höfðu verið mismunandi en voru að jafnað að 11 hundruðum og greiddust þær þá oftast í smjöri en höfðu þó verið greidd með peningum eftir íslenskum taxta. Engar kvaðir voru á jörðinni og viður til húsagerðar var tekinn af reka. Móskurður var vel nýtanlegur og selveiði stundum í betra lagi. Sagt var að túnið væri nánast ónýtt af sandi og landbroti og að engjar væru heyslæmar og úr sér gengnar vegna óveðurs. Jörðin átti þá til forna selstöðu í Húsadal en hún hafði ekki verið nýtt lengi. Stunga og rista var mjög slæm og vatnsból þraut stundum og var þá langt að sækja ferskt vatn. Kirkjuvegur var mjög langur og sumstaðar mannhættur á vetrum. Sagt var að í heimalandi hafi verið gamalt býli, kallað Strandatún, og þar sást til tófta en ekki til túngarðs. Nálægt bænum voru líka tóftir sem kallaðar voru Óskastaðir en ekki var talið víst hvort um býli væri að ræða eða ekki. Hvorug bæjarstæðin gætu mögulega byggst upp aftur vegna slæmra landkosta.¹⁶

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Ófeigsfjörður væri í bændaeign, dýrleikinn var 24, landskuldin 0,80, kúgildin 3 og ábúendur voru 1 eigandi.¹⁷

Í bernskuminningum sínum sagði Guðmundur Guðmundsson frá Ófeigsfirði frá bæjarhúsum sem byggð voru um 1880 en brann til kaldra kola á hvítasunnudegi 1914:

„Hann [bærinn] samanstóð að segja má af fjórum húseiningum þannig að frambíl voru fjögur og sneru mót um það bil suðaustri. Næst suðvestri var baðstofuhúsið en því var þrískipt undir lofti. Við frambíl var tveggja stafgólfa (eða rúmlega það) gestastofa, lýst af tveimur sex rúða gluggum á frambíli. [...] Þá var eldhús, um 2,5 stafgólf, með tveimur gluggum til suðvesturs. [...] Niðurgrafinn kjallari var undir eldhúsinu og voru þar hafðar slátur- og sýrutunnur ásamt fleiru matarkyns. [...] Við norðvesturgöfl var búr, um 1,5 stafgólf, með sams konar glugga og í stofu og eldhúsi. Í búrinu var ýmiss konar góðgæti. Man ég að þar voru skyr- og súrmetissáir með sviðum, sauðarbringum, magálum, lundaböggum, æðareffjum og fleiru. [...] Baðstofan var allbreið, varla minna en 3,5 álnir milli rúma. Öll var hún þiljuð innan með skarsúð niður að veggglægjum sem voru um 0,5 álnir ofar rúmstokkahæð. Svo var einnig um öll bæjarhúsin að þau voru þiljuð í hólfi og

¹³ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 461.

¹⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 266-267.

¹⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 314-315.

¹⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 324-325.

¹⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 212.

*gólf nema hlóðældhúsið sem var inn af bæjardyrhúsi, þar voru moldarveggir á þrjá vegu og moldargólf.*¹⁸

Eftir að torfbærinn brann árið 1914 var tekin ákvörðun um að byggja steinhús á grunni gamla bæjarins. Húsið var að utanmáli 15,5 x 12 álnir og í því voru 13 herbergi. Flutt var inn í kjallara hússins haustið 1914.¹⁹

Á túnakorti frá 1917 var sagt að tún Ófeigsfjarðar voru 4,7ha. og voru u.þ.b. 9/10 slétt. Matjurtagarðar voru 168m².²⁰

Ófeigsfjörður lagðist svo í eyði árið 1965.²¹

¹⁸ Guðmundur Guðmundsson, 2013, bls. 71-72.

¹⁹ Guðmundur Guðmundsson, 2013, bls. 137.

²⁰ Túnakort – Ófeigsfjörður, 1917.

²¹ Sjá: Sigmundur Guðmundsson, 1966.

5. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.
- Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson. (2005). *Fornleifaskráning í Árneshreppi II: Fornleifar frá Kolbeinsvík til Kjörvogs og frá Seljanesi til Skjaldarbjarnarvíkur*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðmundur Guðmundsson. (2013). Bernskuminningar. *Strandapósturinn*, 66-141.
- Haukur Jóhannesson. (1988). *Örnefnalýsing Ófeigsfjarðar*. Reykjavík: Ófeigur.
- Íslendingabók og Landnáma.* (1942). Reykjavík: Herbertsprent.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2016). *Fornleifaskráning vegna framkvæmda við Hvalárvirkjun á Ströndum*. NV nr. 02-16. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2017). *Innmæling á fornleifum vegna breytinga og vegbóta á veginum frá Norðurfirði að Hvalá í Ófeigsfirði*. NV nr. 33-17. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Sigmundur Guðmundsson. (13. 3 1966). Gagnauðug höfðingjasetur í Árneshreppi að fara í auðn. *Tíminn Sunnudagsblað*, bls. 224-227.

Óútgefnar heimildir

Túnakort – Ófeigsfjörður (1917).

Heimildamenn

Pétur Guðmundsson – ábúandi í Ófeigsfirði


Torfi Guðmundsson – ábúandi í Ófeigsfirði


6. FORNLEIFASKRÁ


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	375996	622281
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Efstavað	Náttúruminjar	Vað	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-001	1550-1900	 Mynd 3. Horft NA yfir Efstavað [3439-001]	
Vegghæð	Veggjapykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Á eyrunum eru þrjú vöð á ánni. Neðst er Neðstavað og þar er gott að fara þegar lágsjávað er og áin ekki í miklum vexti. Næst er Miðvað og er áin þar í einum streng og ófær í vatnavöxtum. Efst er <u>Efstavað</u> og var það talið bersta vaðið og oftast farið.“			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Vaðið er neðan við Hvalárfoss við Hvalárhólma.		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
	Heimildir		
Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson, 2005, bls. 149 Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 33			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376093	622160
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Miðvað	Náttúruminjar	Vað	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-002	1550-1900	 Mynd 4. Horft SA yfir Miðvað [3439-002].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Á eyrunum eru þrjú vöð á ánni. Neðst er Neðstavað og þar er gott að fara þegar lágsjávað er og áin ekki í miklum vexti. Næst er Miðvað og er áin þar í einum streng og ófær í vatnavöxtum. Efst er Efstavað og var það talið bersta vaðið og oftast farið.“			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Vaðið fer yfir Hvalánni á flatlendi um 300m SA við Hvalárfoss.		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
	Heimildir		
Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggí Ævarsson, 2005, bls. 149 Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 33			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376065	621810
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Neðstavað	Náttúruminjar	Vað	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-003	1550-1900	 Mynd 5. Horft í austur yfir Neðstavað [3439-003].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Á eyrunum eru þrjú vöð á ánni. Neðst er <u>Neðstavað</u> og þar er gott að fara þegar lágsjávað er og áin ekki í miklum vexti. Næst er Miðvað og er áin þar í einum streng og ófær í vatnavöxtum. Efst er Efstavað og var það talið bersta vaðið og oftast farið.“			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Vaðið fer yfir Hvalá um 220m VNV frá Hvalárósum		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
	Heimildir		
Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggí Ævarsson, 2005, bls. 149 Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 33			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnít ISN93	Norður hnít ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376421	621359
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning  Mynd 6. Uppmæling á tóft [3439-004].	
3439-004	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
0 – 0.1m	0.7 – 1.5m		
Ástand	Friðlýst		
Illgreinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Illgreinanleg tóft með mögulegan inngang á norðurhlíð. Tóftin er mjög sigin og grasivaxin. Veggjahæð er frá 0 – 0.1m og veggjabreidd, þar sem hún er greinanleg er að jafnaði um 0.7. Veggir eru greinanlegri á austurhlíð.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 7. Horft í SA yfir tóft [3439-004].	Á grasivöxnu svæði á Melgraseyri, um 20m sunnan við læk sem rennur til sjávar úr Melgraseyrarvatni og um 17m austan við veg.		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
Heimildir			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376468	621236
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Garðlag	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning  Mynd 8. Uppmæling af garðlagi [3439-005].	
3439-005	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
0.1 – 0.3m	0.4m		
Ástand	Friðlýst		
Greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Mögulegt garðlag, hálf bogadregið. Garðlagið er um 12.5m langt, þar sem það er sjáanlegt, en ekki er víst hvort það haldi áfram undir sverði. Garðlagið er lyngi vaxið og það liggur kindastígur meðfram því. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.3m og veggjabreidd, þar sem hún er greinanleg, er um 0.4m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 9. Horft í NV yfir garðlag [3439-005].	Neðan við klett um 130m sunnan við tóft [3439-004].		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
Heimildir			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376796	620489
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3439-006	1550-1900		
Vegghæð	Veggjaþykkt		
0.3 – 0.7m	1m		
Ástand	Friðlýst		
Greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			


Mynd 10. Uppmæling á tóft [3439-006].


Lýsing

Möguleg tóft með óþekkt hlutverk, stórt grjót í norður enda hennar. Ekkert greinanlegt op er á tóftinni en þó er hún illgreinanlegri á vestur hlið og SA horni, þar gætu hafa verið inngangar. Tóftin var mögulega hluti af tóft [3439-007] en báðar tóftirnar liggja alveg upp við veginn sem liggur á Hvalánni og hefur hann mögulega rofið þær í tvennt.

Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir
	Fast norðan við veg sem liggur að Hvalánni. Um 10m SV við kletta sem aðskilja Sandvík og Ófriðarvík.
	Athugasemd
	Utan skráningarsvæðis.
	Heimildir

Mynd 11. Horft í suður yfir tóft [3439-006].


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376785	620481
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning  Mynd 12. Uppmæling af tóft [3439-007].	
3439-007	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
0.1 – 0.2m	1m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Hringlaga tóft með óþekkt hlutverk og engan sjáanlegan inngang. Tóftin er grasivaxin með upphækkandi vegg sem eru um 0.2m háir. Veggjubreidd er að jafnaði um 1m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 13. Horft SA yfir tóft [3439-007].	Um 7m SV við tóft [3439-006].		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
	Heimildir		


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376799	620428
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Fjárhús & hlaða	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	<i>Ljósmynd / teikning</i>  Mynd 14. Uppmæling af fjárhúsi [3439-008].	
3439-008	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
0.7 – 1.2m	1.1m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Fjárhústóft með hlöðu. Tóftin er vel greinanleg í landslaginu með veggjahæð allt að 1.2m. Tóftin er grasivaxin með inngang á austurhlið, ekki er greinanlegt op í hlöðuna sem er í suðurenda tóftarinnar. Grasivaxið fódurtrog er í miðju fjárhúsinu. Veggjahæð er frá 0.7 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.1m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 15. Horft í suður yfir fjárhús [3439-008].		Við norðurenda gildrags sem liggur í suður upp af Ófriðavík.	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376871	620495
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Merkihamar	Náttúruminjar	Kennimark	Efnistaka og nýting
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-009	1550-1900	 Mynd 16. Horft í NA yfir Merkihamar [3439-009].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Merkihamar er klettabrák sem gengur í sjó fram austast í Ófriðarvíkinni. Hans er víða getið í fornum rekaskráum sem rekamarks. Hann er lóðréttur og nær tvær mannhæðir á hæð og sléttur að ofan. Við hamarinn var oft legið fyrir tófu og þar var um tíma skothús.“			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Merkihamar gengur í sjó austan megin í Ófriðarvík.	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376867	620488
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Skotbyrgi	Veiðiminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-010	1550-1900	 Mynd 17. Horft NA yfir grófa staðsetningu skotbyrgis [3439-010].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Vegna vatnsrofs		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Merkihamar er klettabrík sem gengur í sjó fram austast í Ófriðarvíkinni. Hans er víða getið í fornum rekaskráum sem rekamarks. Hann er lóðréttur og nær tvær mannhæðir á hæð og sléttur að ofan. Við hamarinn var oft legið fyrir töfu og þar var um tíma skothús.“ Ekki sést til skothússins í dag. Samkvæmt heimildarmönnum var um einfalt skothús að ræða, smá grjóthleðsla, sem sjórinn hefur smá saman tekið til sín.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Við Merkihamar [3439-009].	
		Athugasemd	
		Utan skráningarsvæðis.	
		Heimildir	
		Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 31 Pétur Guðmundsson Torfi Guðmundsson	


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376974	620382
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Stapar	Þjóðtrú	Þjóðsagnastaður	Trú og hefðir
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-011	1550-1900	 Mynd 18. Horft norður yfir Stapa [3439-011].	
Vegghæð	Veggjaþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Í Stöpum áttu álfar að eiga bústað. Einu sinni átti að efna til gamlársbrennu á öðrum stapanum og var efni til hennar borið upp á hann. Þá er það að gamla konu á bænum dreymir, að til hennar kemur kona og biður hana að sjá til þess að ekki verði brennt á bænum sínum, nóg sé landrýmið annars staðar, enda muni verra af hljótast. Draumurinn varð til þess að ekki var þá né síðar brennt út árið á Stöpunum.“			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Staparnir eru klettahólar sem standa austast í Stapamýri.	
		Athugasemd	
		Utan skráningarsvæðis.	
		Heimildir	
		Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 30	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376969	620340
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Náma	Mógrafir	Efnistaka og nýting
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-012	1550-1900	 Mynd 19. Uppmæling af mógröfum [3439-012].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Upp af Stöpunum er Stapamýri og þar var stunginn mór. Neðan til á litlu holti upp af mýrinni stóð móhús stuttan tíma og var holtið þá nefnt Móhúsholt. Það nafn var aðeins notað meðan húsið stóð. Nú liggur vegurinn yfir þetta holt.“ Mógrafir, allt að 1.2m djúpar og um 16 x 15m breiðar. Um 9m rani gengur út á vestur hlið þeirra.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 20. Horft austur yfir mógrafir [3439-012].		Í Stapamýri.	
		Athugasemd	
		Utan skráningarsvæðis.	
		Heimildir	
		Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 30	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376916	620272
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Náma	Mógrafir	Efnistaka og nýting
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning  Mynd 21. Uppmæling af mógröfum [3439-013].	
3439-013	1550-1900		
Vegghæð	Veggjaþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Tvennar mógrafir fullar af vatni. Ein T laga og önnur ferhyrnd. Stærri mógröfin er um 7m í N-S og 7m í A-V. Sú minni er um 3 x 2m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 22. Horft vestur yfir mógrafir [3439-013].	Fast sunnan við veginn þar sem hann liggur um Móhúsholt.		
	Athugasemd		
	Heimildir		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376909	620312
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Móhúsholt	Heimild	Mógeymsla	Efnistaka og nýting
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-014	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Vegna niðurrifs		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Upp af Stöpunum er Stapamýri og þar var stunginn mór. Neðan til á litlu holti upp af mýrinni stóð móhús stuttan tíma og var holtið þá nefnt Móhúsholt. Það nafn var aðeins notað meðan húsið stóð. Nú liggur vegurinn yfir þetta holt.“ Samkvæmt heimildarmanni var ekki um eiginlegt hús að ræða heldur hafi verið reistar grindur á holtinu þar sem mórinn var þurrkaður.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Móhúsholt er melasvæði vestan við Stapamýri. Vegurinn liggur yfir holtið.		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
	Heimildir		
	Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 30 Pétur Guðmundsson		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	377146	620026
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Höfn	Náttúruminjar	Lending	Sjávarútvegsminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-015	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Áargrund heitir einnig grund sem er norðan Húsár. [...] Niður af miðri grundinni er allgóður lendingarvogur milli klettatanga við ármynnið og flúða að norðan. Vogurinn heitir Höfn.“			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Um 130m NV við ósa Húsánnar.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 29 Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson, 2005, bls. 148			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376510	621189
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Kolagröf	Efnistaka og nýting
Auðkenni	Tímabil	<i>Ljósmynd / teikning</i>  <i>Mynd 25. Teikning Fornleifastofnunar Íslands ses. af kolagröf [3439-016].</i>	
3439-016	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Ekki vitað		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Árið 2005 skráði Fornleifastofnun Íslands ses. kolagröf á þessum stað: „Leifar mannvirkis, líklega kolagrafar, er við vík sem er norðan svonefndar Sandvíkur. 1,8 km norður af bæ. Þetta er um 750 m norður af Ófriðarvík. Gryfjan er á grösugri tá sem er klettum girt. Ustan hennar eru tvö lítil vik, aðskilin með lágu klettanefi. Lítil lækjarsytra rennur vestan við gryfjuna. Grunn dæld með lágrí hleðslu eða torfkraga umhverfis, um 20 sm háum. Hún er rúmlega 2 m í þvermál.“ Gryfjan fannst ekki þrátt fyrir talsverða leit. Mögulega er hún horfin undir gróður.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	750m norðan af Ófriðarvík.		
	Athugasemd		
	Heimildir	Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson, 2005, bls. 149	


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376861	620471
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Frásögn	Legstaður	Trú og hefðir
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-017	1550 – 1900		
Vegghæð	Veggjaþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Ekki vitað		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Annar heimildamanna, Torfi hafði heyrt sögur af dysi í Ófriðarvík og minnti að það hafi tengst sjóreka. Hinn heimildarmaðurinn, Pétur, hafði ekki heyrt sagnir af dysi þarna áður. Ekkert dys fannst þrátt fyrir töluverða leit.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Í Ófriðarvík, punktur tekinn rétt sunnan við Merkihamar [3439-009] en Torfa minnti að dysið ætti að vera þar.		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
	Heimildir		
	Pétur Guðmundsson Torfi Guðmundsson		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Ófeigsfjörður	Ófeigsfjörður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnít ISN93	Norður hnít ISN93
AR & KSR	27.5.2025	376861	620471
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Ófriðarvík	Þjóðtrú	Þjóðsagnastaður	Trú og hefðir
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3439-018	1550 – 1900		
Vegghæð	Veggjaþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnaskrá segir: „Ófriðarvík heitir víkin norðan hjallans. Gömul sögn er um að tveir smalar hafi barist þar og drepist hvorn annan og víkin fengið nafn þar af. Hitt er þó líklegra að hún dragi nafn af því að í víkinni er yfirleitt ókyrr sjór.“ Heimildarmenn höfðu báðir heyrt þessa sögu.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Ófriðarvík er um 190m NV við Stapana [3439-011].		
	Athugasemd		
	Utan skráningarsvæðis.		
	Heimildir		
	Haukur Jóhannesson, 1988, bls. 30-31 Pétur Guðmundsson Torfi Guðmundsson		

7. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru átján minjar skráðar á vettvangi og eftir heimildum. Þar af voru einungis þrjár sem eru innan marka skráningarsvæðins [3439-008, 013 & 015]. Hinar minjarnar voru hafðar með í skráningunni vegna nálægðar við framkvæmdarsvæðið og þær veita betri heildarmynd á minjarnar sem eru innan þess.

Algengasta tegund minja voru náttúruminjar, fimm talsins, og þar á eftir voru fjórar tóftir. Aðrar tegundir voru með færri minjum. Þegar kom að hlutverki var algengast að það væri óþekkt, en fjórar minjar voru skráðar með óþekkt hlutverk, þar á eftir komu þrjú vöð, tvennar mógrafir og tveir þjóðsagnastaðir. Önnur hlutverk voru einungis með einar minjar.




Mynd 26. Fjöldi minja eftir hlutverkum.

Skráningarsvæðið var allt á kafla sem í daglegu tali er kallað Milli áнна. Áætluð veglína liggur ofar í landinu en núverandi vegur og könnuðust heimamenn ekki við neinar minjar á því svæði. Engar heimildir fundust heldur um minjar á því svæði og ekkert fannst við vettvangsvinnu.

Þær minjar sem eru innan skráningarsvæðisins eru allar í útjaðri þess og teljast því ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Þó er það í höndum Minjastofnunar Íslands að taka lokaákvörðun hvort einhverra mótvægisáðgerða sé þörf.

Einnig er vert að taka fram að samkvæmt menningarminjalögum skal stöðva framkvæmdir samstundis ef áður óþekktar minjar finnast og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem tekur ákvörðun um framhaldið.

8. KORT



Skýringar

- Skráningarsvæði
- Flákar
- Staðsetning minja
- Veglína

0 250 500 750 m

Skali 1:15000

Kort 1. Yfirlitskort yfir skráðar minjar innan framkvæmdarsvæðisins

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



Skýringar

- Skráningarsvæði
- Staðsetning minja
- Flákar
- Veglína

0 75 150 225 m

Kort 2. Skráðar minjar á norðanverðu skráningarsvæðinu

Skali 1:4000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



Skýringar

- Skráningarsvæði ■ Flákar
○ Staðsetning minja — Veglína




Kort 3. Skráðar minjar á Melgraseyri

Skali 1:2000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



Skýringar

- Skráningarsvæði
- Staðsetning minja
- Flákar
- Veglína



Kort 4. Skráðar minjar við Ófriðarvík og Stapana

Skali 1:2000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



Skýringar

- Skráningarsvæði
- Flákar
- Staðsetning minja
- Veglína

0 40 80 120 m

Kort 5. Skráðar minjar við Nyrðri-Áargrund

Skali 1:2000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson